

Fimmtudaginn 29. júní 1989.

Nr. 238/1989. **Tómas Ísleifsson**

gegn

**menntamálaráðherra og fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs**

og

Sverri Magnússyni til réttargæslu.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 19. maí 1989, sem barst Hæstarétti 19. júní 1989. Lögmaður sóknaraðila skýrir frá því í kæru sinni að sér hafi eigi verið kunnugt um frávísunardóminn fyrr en 19. maí 1989. Er þeirri frásögn ekki hnekkt, og er kæran því nógu tímanlega fram borin, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir bæjarþing Reykjavíkur að taka málið fyrir að nýju til venjulegrar málsmeðferðar.

Af hálfu varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, hefur lögmaður sóknaraðila, stefnanda í héraði, ekki ritað greinargerð sína, svo sem fyrir er mælt í 105. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 12. gr. laga nr. 54/1988. Er málatilbúnaður hans aðfinnsluverður. Þessir ágallar eru þó ekki til þess fallnir að vera frávísunarástæða í þessu máli. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1989.**I.**

Mál þetta, sem tekið var til úrlausnar skv. 1. og 2. mgr. 108. gr. 1. nr. 85/1936 5. maí sl., eftir að lögmenn aðila höfðu tjáð sig munnlega um formhlið þess, er höfðað af Tómasi Ísleifssyni, kt. 140543-3229, Ytri-Sólheimum III, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, með stefnu, birtri 20. október 1988, á hendur menntamálaráðherra og fjármálaráðherra, báðum f.h. ríkissjóðs Íslands, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík, og Sverri Magnússyni skólastjóra, Skógaskóla, Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu, kt. 040950-3489, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi bæjarþingsins, að ritun „trúnaðarbréfs“ Sverris Magnússonar, skólastjóra Skógaskóla, til skólanefndar Skógaskóla, dags. 5. ágúst 1987, um stefnanda og notkun og umfjöllun skólanefndar Skógaskóla og menntamálaráðuneytis um bréfið hafi verið óréttmæt og ólögleg gagnvart stefnanda.

Þá er þess krafist, að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að ráðning nýs stærðfræðikennara að Skógaskóla eftir 6. ágúst 1987 í stöðu, sem stefnandi gegndi þá, brjóti gegn þeirri grundvallarreglu um uppsögn opinberra starfsmanna, að hún skuli birt með þriggja mánaða fyrirvara, en ráðning nýja kennarans hafi gilt frá 1. september 1987.

Í þriðja lagi krefst stefnandi skaðabóta, að fjárhæð kr. 1.500.000,00, ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. 1. nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1988 til greiðsludags.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri sömu dráttarvexti og að ofan greinir fimmtán dögum eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Þess er krafist, að dráttarvextir leggist bæði við höfuðstól dómkröfu og málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. 1. nr. 25/1987.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins, en til vara, að skaðabótakrafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður falli niður.

Af hálfu réttargæslustefnda er gerð krafa um sýknu af kröfu stefnanda um, að staðfest verði með dómi, að ritun bréfs réttargæslustefnda 5. ágúst 1987 hafi verið óréttmæt og ólögleg gagnvart stefnanda, og leggur réttargæslustefnandi þann skilning í kröfugerð stefnanda, að sér sé stefnt til að þola dóm, þótt sér sé einungis stefnt til réttargæslu, að því er segir í stefnu.

Þá krefst réttargæslustefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

— — —

Niðurstaða.

Framangreinda málavaxtalýsingu og málsástæður stefnanda er að finna í stefnu. Þar er enn fremur upptalning á skjölum, sem stefnandi kveðst munu leggja fram í málinu. Þá eru og tilgreind þar auk stefnanda sjálfs þau vitni, sem stefnandi óskar eftir að leiða fyrir dóm til skýrslugjafar. Er stefnan fjórar síður að lengd. Í greinargerð er eingöngu að finna tilvísun til stefnu og áskilinn réttur til frekari gagnaðflunar og málsútlistunar síðar.

Samkvæmt 88. gr. 1. nr. 85/1936, sbr. 10. gr. 1. nr. 54/1988, skal lýsing málsástæðna og annarra atvika vera stuttorð, gagnorð og skýr í stefnu. Í greinargerð skal málsástæðum og lagarökum lýst nánar en í stefnu, sbr. 105. gr. 1. nr. 85/1936, sbr. 12. gr. 1. nr. 54/1988.

Eins og ljóst er af framangreindri lýsingu á stefnu, brýtur hún í bága við þessi ákvæði. Meginhluti málavaxta á heima í greinargerð. Þá er málsástæðum fléttað inn í málavaxtalýsingu, sem síðan eru gerð skil í sérstökum kafla um málsástæður, og er nokkuð um endurtekningar.

Þær breytingar, sem gerðar voru á framangreindum lagagreinum með 1. nr. 54/1988, lúta þeim tilgangi einum, að málatilbúnaður verði sem gleggstur, stefnur verði stuttar og gagnorðar og einungis getið þeirra málsatvika, sem nauðsynleg eru til að skýra sakarefnið. Hins vegar verði greinargerðir ekki aðeins upptalning á fram lögðum skjölum eða einungis vísan til stefnu, eins og vildi brenna við fyrir gildistöku breytingarlaganna, heldur verði þær ýtarlegri, að því er varðar málsástæður og lagarök.

Meðal þeirra réttarfarsúrræða, sem dómara eru tiltæk til að knýja á um, að réttarbætur laga nr. 54/1988 komist í framkvæmd, virðist einungis frávísun vænleg til árangurs. Þykir því ekki verða hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Málinu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.